

Samstarfsyfirlýsing

Svæðisbundið samráð gegn ofbeldi, öðrum afbrotum og til að stuðla að bættri þjónustu fyrir jaðarsetta hópa

Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra, Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra, Samband sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi, Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, Ungmennasamband Skagafjarðar, Ungmennasamband Austur Húnavetninga, Ungmennasamband Vestur Húnavetninga og sveitarfélögin Skagafjörður, Skagabyggð, Skagaströnd, Húnabyggð og Húnaþing vestra hafa ákveðið að vinna saman gegn ofbeldi, öðrum afbrotum og til að stuðla að bættri þjónustu fyrir jaðarsetta hópa með sameignlegum markmiðum og aðgerðum, sem byggðar eru á svæðisbundnum aðstæðum.

Núverandi staða

Samstarfsaðilar hafa farið yfir stöðuna á Norðurlandi vestra s.s. varðandi núverandi samvinnu, upplýsingar frá sveitarfélögum, tölfraedi lögreglu, niðurstöður rannsókna og annarra upplýsinga samstarfsaðila. Niðurstöður benda til þess að mikil forvarnarvinna er unnin á Norðurlandi vestra en tækfæri eru til staðar til að bæta þjónustu við borgarana og efla samstarf á milli aðila með forvirkum aðgerðum til að hafa áhrif á breytni borganna til góðs.

Markmið svæðisbundins samstarfs um Öruggara Norðurland vestra:

- Auka markvisst þekkingu á málaflokkum samstarfsaðila, á afbrot- og forvarnarvinnu á Norðurlandi vestra, og á þeirri þjónustu sem verið er að veita borgunum í landshlutanum af hendi mismunandi samstarfsaðila á nýjungum og þjónustu í málaflokknum
- Styrkja undirstöður til framtíðar fyrir svæðisbundið samstarf til framtíðar gegn ofbeldi og öðrum afbrotum
- Efla samvinnu við úrlausn mála, ásamt því að efla samstarfsaðila í að takast á við málefni jaðarsettra hópa, ofbeldi og önnur afbrot.
- Vinna í takt við önnur verkefni í þágu almannaheilla á Norðurlandi vestra, svo sem innleiðingu farsældar barna, lýðheilsuvísa, áætlanir sveitarfélaga o.fl.

Fyrirkomulag samráðsins

Stofnaður verður reglubundinn samráðsvettvangur samstarfsaðila á Norðurlandi vestra sem samanstendur aðilum frá þeim sem vinna að málaflokkunum öðrum hagsmunaaðilum. Samráðsfundur verður haldinn **tvisvar á ári** þar sem farið verður yfir framgang þeirra áhersluverkefna sem hafa verið unnið frá síðasta samráðsfundi, niðurstöður nýjustu greininga í málaflokkunum kynntar ásamt því að hugmyndum er safnað fyrir möguleg áhersluverkefni fyrir næsta samráðsfund.

Stofnað verður framkvæmdateymi sem samanstendur af þeim sem starfa í umboði þeirra sem undirritað samráðsyfirlýsingu þessa. Hlutverk framkvæmdateymis er að vera leiðandi í þróun samráðsins, undirbúa samráðsfundina, taka ákvarðanir um áhersluverkefni eftir umræður á samráðsfundum og niðurstöður nýjustu greininga í málaflokknum, grípa ný áhersluverkefni á milli samráðsfunda ef þörf er á, fylgja áhersluverkefnum eftir og ræða nýjustu þróun í málaflokkunum eftir því sem við á.

Framkvæmdateymið getur sett á stofn vinnuhópa fyrir sérstök áhersluverkefni þannig að alltaf sé að minnsta kosti einn aðili úr framkvæmdateymi í hverjum vinnuhópi. Framkvæmdateymið fundar að

minnsta kosti **8 sinnum á hverju ári**, tíðni funda í áhersluverkefnum er ákveðin af verkefnastjóra og vinnuhópi hvers verkefnis.

Fulltrúi lögreglustjórans á Norðurlandi vestra boðar samráðsfundi samstarfsaðila, leiðir framkvæmdateymi og boðar fundi þess. Þátttaka í samráðsvettvangi, framkvæmdateymi og vinna við áhersluverkefni eru unnin sem hluti af daglegum rekstri samstarfsaðila.

Samstarfssamningur þessi miðar að því að tryggja langtíma og sjálfbært afbrotavarnastarf milli lögreglufirvalda og samstarfsaðila, með sameiginlegum áherslusviðum og markmiðum þróuðum út frá svæðisbundnum aðstæðum gegn ofbeldi og bættri þjónustu fyrir jaðarsetta hópa. Samstarfsaðilar skuldbinda sig til að taka þátt í að vinna að framkvæmdaáætlun samráðsvettvangsins. Þátttakendur í framkvæmdateymi sækja umboð sitt til að taka þátt í/hefja ný áhersluverkefni innan framkvæmdaáætlunar til síns vinnustaðar þegar þörf er á.

Gildistími og endurskoðun

Gildistími samstarfsyfirlýsingarinnar er frá 20. mars 2024 til loka kjörtímabils sveitarstjórna 2026. Samstarfsyfirlýsingin og þar sem stöðumat, markmið og framkvæmdaáætlun er endurskoðuð í upphafi hvers kjörtímabils eða fyrr ef verulegar breytingar verða á aðstæðum í samfélaginu

Blönduósi 20. mars 2024

Lögreglustjóri Norðurland vestra

Húnavatns- og Skagafjarðarprestakall

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra

Ungmennasamband Austur Húnavetninga

Ungmennasamband Vestur Húnavetninga

Ungmennasamband Skagafjarðar

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Heilbrigðisstofnun Vesturlands

Heilbrigðisstofnun Norðurlands

Skagafjörður

Skagatrönd

Skagabyggð

Húnabyggð

Húnaþing vestra

Undirritunarsíða

Unnur Valborg Hilmarsdóttir

Pétur Bergþór Arason

Erla Jónsdóttir

Sigfús Ingi Sigfússon

Birgir Jónasson

Helga Margrét Jóhannesdóttir

Sigurbjörg Krístrún Snjólfsdóttir

Liljana Milenkoska

Ingileif Oddsdóttir

Birna Ágústsdóttir

Undirritunarsíða

Snjólaug María Wium Jónsdóttir

Gísli Gunnarsson

Thelma Knútsdóttir

Guðrún Helga Magnúsdóttir

Ólafur Þór Ólafsson